

OKKAR KÓPAVOGUR – TAKTU ÞÁTT

VERKEFNISLÝSING 2024-2027

Lýðræðis- og samráðsverkefnið *Okkar Kópavogur – taktu þátt*, sem fyrst var ráðist í árið 2016, er nú keyrt í fimmta sinn í Kópavogsbæ. Haustið 2024 er ætlunin að fara af stað með hugmyndasöfnun um framkvæmdir fyrir allt að 340 milljónir sem íbúar munu kjósa um. Verkefnið er til þriggja ára, 2024 til 2027, og verður framkvæmd þess nokkuð sambærileg og í fyrri umferðum en nokkrar breytingar hafa verið gerðar, byggðar á fyrri reynslu.

One númer verkefnisins er: 2402871.

1 UMSJÓN MEÐ VERKEFNINU

Verkefnastjóri íbúatengsla heldur utan um verkefnið með aðstoð umhverfissviðs en öll svið Kópavogsbæjar koma að verkefninu að einhverju leyti. Stýrihópur stýrir verkefninu.

1.1 STÝRIHÓPUR

Í stýrihópnum sitja:

- Sigrún María Kristinsdóttir, verkefnastjóri íbúatengsla, stjórnsýslusvið
- Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri, umhverfissvið
- Pálmi Þór Másson, bæjarritari og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs
- Sigríður Björg Tómasdóttir, almannatengill, stjórnsýslusvið
- Birkir Rútsson, deildarstjóri gatnadeildar, umhverfissvið
- Anna Kristín Guðmundsdóttir, lögfræðingur, stjórnsýslusvið
- Harri Ormarsson, lögfræðingur, stjórnsýslusvið tekur við af Önnu Kristínu þegar líður á árið 2024

Til viðbótar við stýrihóp er einnig um að ræða tvo matshópa, A og B, auk kjörstjórnar og framkvæmdahóps, sjá umfjöllun síðar í þessu skjali.

2 TILGANGUR, MARKMIÐ OG VERKFERILL

Þátttaka í fjárlagagerð veitir íbúum tækifæri til að ákveða í sameiningu hugmyndir að verkefnum og úthluta fjármagni í framkvæmdir í sveitarfélaginu. Þátttökufjárlagagerð er liður í auknu lýðræði og byggir upp sterkari samfélög. Með verkefninu Okkar Kópavogur er verið skapa aðstæður þar sem íbúar geta tekið þátt í samráði með stjórnsýslunni, haft skoðanir á nærumhverfi sínu, forgangsraðað og útteilt fjármagni í smærri framkvæmdir á vegum bæjarins.

Tilgangur verkefnisins er að bæta tengsl bæjaryfirvalda við íbúa, færa íbúum aukna ábyrgð og virkja þá í aukinni þátttöku í forgangsroðun verkefna og ákvarðanatöku um framkvæmdir í bænum, ásamt því að hafa áhrif á bætta líðan og upplifun bæjarbúa í nærsamfélaginu. Jafnframt er tilgangurinn að gera Kópavog vistlegri, skemmtilegri og fjölbreyttari.

Markmið bæjaryfirvalda er að:

- dreifa valdinu með þátttökufjárlagagerð og samráði,
- virkja alla þjóðfélags- og aldurshópa,
- samfélagið vinni saman að betri hverfum.

Markmið verkefnisins er að:

- hvetja íbúa til að láta sig nærumhverfið varða og hafa skoðun á því,
- íbúar komi hugmyndum sínum á framfæri,
- íbúar taki þátt í að ráðstafa fjármagni sveitarfélagsins.

2.1 SKILMÁLAR HUGMYNDA AÐ VERKEFNUM SEM KOMAST Í ÍBÚAKOSNINGU

Öll verkefni sem fara í kosningu þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera til fjárfestingar en ekki til rekstrar.
- Kostnaður einstakra verkefna sé ekki lægri en þrjár milljónir kr. og ekki hærri en 50 milljónir kr.
- Líftími fjárfestingar skal vera að lágmarki fimm ár.
- Tillagan skal samræmast skipulagi eða stefnu Kópavogsbæjar.
- Vera á fullu forræði Kópavogsbæjar.


Aðrir skilmálar sem gilda um gjaldgengar hugmyndir og kosin verkefni:

- Fullt tillit skal tekið til persónuverndar og friðhelgi.
- Verkefni skulu uppfylla notendaskilmála.
- Öllum er frjálst bæjarað leggja fram hugmynd að verkefni og ræða þær.
- Allir með lögheimili í Kópavogi, 13 ára og eldri á árinu 2024 og sem hafa rafræn skilríki, mega kjósa um hugmyndir í einum bæjarhluta.
- Niðurstöður kosninga eru birtar að loknum næsta bæjarráðsfundar, þegar búið er að kynna niðurstöður fyrir bæjarráði.
- Niðurstöður kosninga eru ráðgefandi en bæjarráð tekur loka ákvörðun um ráðstöfun fjármuna til verkefna.

Í samráðsverkefninu Okkar Kópavogur er ekki um að ræða íbúakosningu í skilningi 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, heldur er um að ræða samráð við íbúa um forgangsroðun verkefna Kópavogsbæjar.

2.2 VERKFERILL


Verkferil samráðsverkefnisins Okkar Kópavogur má sjá á mynd 1.



Mynd 1 Verkerill íbúasamráðsverkefnisins Okkar Kópavogur.

3 HVERFASKIPTING

Óánægja hefur skapast með hömlur í kosningu á að geta eingöngu kosið í einu hverfi. Fólk sem býr í Salahverfi (Fífuhammi) en langar að kjósa t.d. um Guðmundarlund og jafnframt um verkefni í sínu hverfi, hefur ekki haft kost á að gera það. Einkum hafa íbúar kvartað um að geta ekki kosið um Guðmundarlund og nágrenni, sundlaugarnar, strandlengjuna og Fossvogs- og Kópavogsdali.



Mynd 2 Skipting Kópavogs í fimm hverfi Aðalskipulags Kópavogs. Árið 2024 verður unnið með bæjarhlutana efri byggðir (Fífuhammur og Vatnsendi, fjóublátt og gult) og neðri byggðir (Kársnes, Digranes og Smárinn, ljósblátt, ljósbrúnt og rauðbleikt).

Í ár hefur stýrihópur sammælt um að koma til móts við óskir íbúa um jafnari rétt til kosninga, með því að skipta bænum í tvo bæjarhluta eftir Reykjanesbrautinni endilangri, efri byggðir og neðri byggðir, sjá mynd 2. Þannig tilheyra efri byggðum Vatnsendahverfi og Fífuhammur (Lindir og Salir) og þar eru Guðmundarlundur og nágrenni og Salalaug. Neðri byggðum tilheyra Smárinn, Digranes og Kársnes, og þar eru báðir dalirnir, Kópavogslaug og strandlengjan.

3.1 HVERFASKIPTING Í OKKAR KÓPAVOGUR 2024-2027

Fallið er frá grunnupphæð sem hingað til hefur verið 10 m á hvert hverfi skv. Aðalskipulagi Kópavogs, og í staðinn er allri upphæðinni, 340 m, skipt jafnt á Kópavog allan eftir höfðatölu. Íbúar og bæjarfulltrúar hafa gagnrýnt grunnupphæðina, sem hefur gert það að verkum að sum hverfi hafa hlutfallslega fengið

mun hærri upphæð til ráðstöfunar en önnur, sé miðað við íbúafjölda. Með þessari breytingu er verið að gæta að jafnræði milli íbúa og koma til móts við óskir íbúa um að jafna misvægi milli atkvæða. Sjá töflu 1.

Tafla 1 Skipting fjármagns milli bæjarhluta í samræmi við íbúafjölda alls.

Bæjarhluti	Íbúar alls*	Hlutfall allra íbúa	Kjörgengir íbúar 13 ára og eldri á árinu 2024*	Skipting skv. heildaríbúafjölda
Digranes	14037	35%	12244	
Kársnes	6737	17%	5797	
Smárinn	3872	10%	3277	
Samtals neðri byggðir		61%		207400000
Fífuhvammur	6677	17%	5695	
Vatnsendi	8990	22%	7432	
Samtals efri byggðir		39%		132600000
Samtals alls	40313	100%	34445	340.000.000

* Tölur fengnar úr Þjóðskrá 4. mars 2024. Auk þessara íbúa eru 434 íbúar óstaðsettir í hús eða utan svæða.

Samtals skiptast þá 340 m milli tveggja bæjarhluta, með tæp 40% íbúa í efri byggðum og rúm 60% íbúa í neðri byggðum. Miðað er við að nýttar verði samtals 120 milljónir árið 2025, 100 milljónir árið 2026 og 120 milljónir árið 2027. Gætt verður að landfræðilegri dreifingu hugmynda sem fara í kosningu.

Athygli er jafnframt vakin á að nú stendur yfir mikil uppbygging í efri byggðum, sem mun jafna enn meira hlutfall íbúa í hvoru hverfi fyrir sig þegar næst verður farið af stað með Okkar Kópavog.

4

HUGMYNDASÖFNUN

Hugmyndum verður safnað frá fimmtudeginum 12. september til miðvikudagsins 9. október 2024, í fjórar vikur. Íbúar geta að þessu sinni komið hugmyndum sínum á framfæri á hugmyndavef, líkt og hjá öðrum íslenskum sveitarfélögum sem eru með sambærileg verkefni. Jafnframt er hægt að hringja í þjónustuver Kópavogs og óskað eftir aðstoð, eða mætt á bókasöfnin í Kópavogi og fengið aðstoð þar. Einnig mun starfsfólk verkefnisins fara í félagsmiðstöðvar eldri borgara í Kópavogi og aðstoða eldri borgara við að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Mikilvægt er að hver hugmynd sé skýr og lýsandi, og koma þarf fram hvað verkefnið snýst um og hvar nákvæm staðsetning er. Greinargóð lýsing auðveldar mat og vekur frekar athygli annarra íbúa ef hún kemst í kosningu. Starfsmenn geta óskað eftir nánari skýringum um hverja hugmynd, og áskilur Kópavogur sér rétt til að útfæra hugmyndirnar ef þörf er á. Allar hugmyndir verða að falla undir skilyrði verkefnisins svo þær komist áfram í kosningu.

Gert er ráð fyrir að á milli 60-100 hugmyndir fari áfram í kosningu, og hugað verður að landfræðilegri dreifingu um hverfin skv. aðalskipulagi.

Allar hugmyndir eru góðar hugmyndir og vel verður haldið utan um þær hugmyndir sem safnast og þær skoðaðar nánar við vinnslu annarra verkefna. Hugmyndir sem snúa að skólalóðum og umferðaröryggi eru jafngildar öðrum hugmyndum, enda snýst kosningin um forgangsöröðun verkefna í Kópavogi.

4.1

HUGMYNDAVEFUR

Hugmyndavefurinn verður opinn í fjórar vikur, frá fimmtudeginum 12. september til miðvikudagsins 9. október 2024. Þegar íbúar ætla að skrá hugmynd á samráðsvefinn þarf að skrá sig á vefinn, gefa hugmyndinni nafn, staðsetja hana í öðrum hvorum bæjarhlutanum og lýsa henni á skýran hátt. Einnig er hægt að staðsetja hana á korti og geta myndir fylgt með. Áfram verður stuðst við þá leið í hugmyndahlutanum að íbúar geta gefið hugmyndum meira vægi með því að merkja hvaða hugmynd er þeim kærust („like“). Þær merkingar eru eingöngu leiðbeinandi, þar sem þær eru ekki tengdar kosningu einstakra íbúa, heldur geta allir „like“að hugmyndir, burtséð frá búsetu.

Í fyrri umgöngum verkefnisins var notast við kerfi frá fyrirtækinu Íbúum ses. Gert er ráð fyrir að áfram verði stuðst við það kerfi við hugmyndasöfnunina, enda komin bæði þekking og reynsla á það kerfi innanhúss og meðal íbúa. UT-deild Kópavogsbæjar, í samvinnu við verkefnastjóra íbúatengsla, sér um samningagerð og tæknilegar útfærslur, sem og samskipti við valið fyrirtæki.

5 VINNA MATSHÓPA A OG B

Að lokinni hugmyndasöfnun tekur Matshópur A og verkefnastjóri við öllum hugmyndum. Farið er yfir hugmyndirnar út frá skilmálum og þær sem ekki samræmast verkefninu síðar út. Matshópi B er svo færður listi af hugmyndum af hugmyndavefnum sem uppfylla skilyrði verkefnisins. Matshópur B er skipaður tveimur starfsmönnum af hverju sviði. Matshópur B skilar af sér tveimur vikum seinna allt að 50 hugmyndum úr hvorum bæjarhluta fyrir sig og 10 til vara.

Að því loknu tekur matshópur A við niðurstöðum matshóps B útfærir þær sem þarf, kostnaðarmetur allt að 100 hugmyndir og undirbýr fyrir kosningar. Mikilvægt er að báðir matshóparnir horfi til fjölbreytileika verkefna, bæði í staðsetningu og notkun.

Matshópur A leggur að lokum fram allt að 100 hugmyndir fyrir stýrihóp og 20 til vara. Stýrihópur fer yfir listann út frá skilmálum og leggur fram til bæjarráðs.

Sigrún María Kristinsdóttir verkefnastjóri íbúatengsla undirbýr gögn fyrir matshópa og undirbýr gögn í kosningakerfi ásamt því að vera tengiliður við matshópana. Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri stýrir vinnu matshópa A og B og útdeilir verkefnum. Sigrún María boðar fundi og heldur fundargerðir. Hóparnir geta leitað til stýrihóps verkefnisins ef álitamál koma upp.

5.1 HLUTVERK OG SKIPUN MATSHÓPS A

Hlutverk matshóps A er að:

- Taka saman allar hugmyndir sem berast, af vef, með tölvu- eða bréfpóstum og símtölum, sameina keimlíkar hugmyndir og vinsa úr þær sem ekki uppfylla skilyrði verkefnisins.
- Leggja allar gildar hugmyndir fyrir matshóp B.
- Taka við lista matshóps B, útfæra þær sem þarf, kostnaðarmeta allt að 100 hugmyndir og undirbúa fyrir kosningar.
- Leggja allt að 100 hugmyndir fyrir stýrihóp, sem leggur þann lista fyrir bæjarráð.

Í matshóp A er starfsfólk stjórnsýslu- og umhverfissviða. Eftirfarandi eru í hópnum:

- Garðyrkjustjóri Kópavogs, Friðrik Baldursson

- Verkefnastjóri íbúatengsla, Sigrún María Kristinsdóttir
- Deildarstjóri gatnadeildar, Birkir Rútsson

Matshópur A starfar frá miðjum október fram að kosningum. Sjá nánar erindisbréf matshóps A.

5.2 HLUTVERK OG SKIPUN MATSHÓPS B

Hlutverk matshóps B er að:

- Kynna sér framlagðar hugmyndir frá matshóp A eftir að hugmyndaferli líkur.
- Leggja fram allt að 50 hugmyndir og 10 hugmyndir til vara í hvorum bæjarhluta fyrir sig.
- Matshópurinn hefur tvær vikur til að skila af sér niðurstöðu til matshóps A.

Í matshóp B sitja starfsmenn frá öllum sviðum bæjarins. Sviðsstjórar skipa tvo starfsmenn af sínu sviði í matshópinn.

Í matshóp B eru:

- Tveir starfsmenn umhverfissviðs
- Tveir starfsmenn stjórnsýslusviðs
- Tveir starfsmenn menntasviðs
- Tveir starfsmenn velferðarsviðs

Matshópur B starfar í um tvær vikur um það bil 2-3 vikum eftir að hugmyndasöfnun lýkur. Í ár er gert ráð fyrir að hópurinn starfi frá 23. október til 6. nóvember 2024, dagsetningar geta tekið breytingum. Sjá nánar erindisbréf matshóps B.

6 KOSNINGAFERLI

Kosningar fara fram í upphafi árs 2025 og munu 13 ára á árinu 2024 (fædd 2011, börn á efsta stigi grunnskóla) og eldri íbúar með lögheimili í Kópavogi geta kosið hugmyndir. Stuðst er við ráðleggingar stýrihóps í fyrri umgöngum verkefnisins og verða kosningarnar haldnar í 12 daga og þannig að kosningarnar falli á tvo sunnudaga.

Sextíu til 100 hugmyndir fara í kosningu árið 2025 og í þetta sinn geta íbúar kosið um verkefni í efri byggðum eða neðri byggðum Kópavogs. Jafnframt verður kosið í ákveðnum verðflokkum í þessum umgangi, þ.e. kjósendur mega velja ákveðið mörg verkefni í hverjum verðflokki fyrir sig, 3-15 milljónir, 16 til 30 milljónir og 31-50 milljónir. Fjöldi atkvæða á bak við hvert verkefni segir til um hvaða verkefni kemst áfram.

Tilgangurinn með þrískiptingunni er að koma dýrari verkum að. Þegar fólk hefur kost á að „tæma pottinn“ líkt og áður hefur verið, hljóta ódýrari verkefni á borð við fleiri ruslafötur flest atkvæðin og er stýrihópur sammála um að Kópavogur sé orðinn mettaður af slíkum verkefnum.

Kosningin fer fram á vefsvæði þar sem íbúi auðkennir sig með öruggum hætti (Íslykli eða rafrænum skilríkjum) og verður atkvæði hans dulkóðað. Atkvæði kjósenda verður ekki rakið til hans og auðkenni kjósenda er aðgreint frá kosningahluta. Því er ekki hægt að tengja atkvæði við einstaklinga.

Ekki er um að ræða íbúakosningu í skilningi 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

6.1 KJÖRSTJÓRN

Kjörstjórn verður skipuð á meðan kosningarferlið stendur yfir, sjá nánar í skjalinu „Aðskilnaður hlutverka fyrir rafræna kosningu í Okkar Kópavogi“.

Kjörstjórn er stjórnvald sem skipuð skal vera af bæjarráði. Lagt er til að í henni sitji:

- Pálmi Þór Mátsson bæjarritari og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs
- Anna Kristín Guðmundsdóttir lögfræðingur, stjórnsýslusvið
- Ingimar Þ. Friðriksson deildarstjóri UT-deildar, stjórnsýslusvið

Kjörstjórn fundar reglulega. Í samræmi við ábendingar fyrri stýrihópa, skal eftirfarandi tekið fram: Fáir tvær hugmyndir sama fjölda atkvæða í kosningunum skal hlutkesti ráða úrslitum. Leiði kosning á tiltekinni hugmynd til þess að farið er yfir úthlutað fjármagn í bæjarhlutanum skal velja þá hugmynd sem næst er í röðinni og rúmast innan fjárhagsrammans. Athugasemdir um niðurstöður kosninga skal beint til kjörstjórnar sem úrskurðar um réttmæti þeirra.

6.2 KOSNINGAR – NIÐURSTÖÐUR FYRRI ÁRA

Tafla 2 gefur mynd af þátttöku fyrri ára.

Tafla 2 Yfirlit yfir innsendar hugmyndir, þátttakendur á hugmyndavef og hlutfall kjósenda milli ára.

	2016	2017-2018	2019-2021	2021-2023
Innsendar hugmyndir	397	374	291	770
Þátttakendur á hugmyndavef	1315	1912	1453	2581
Þátttakendur í kosningum	12,2%	17,7%	15,6%	12,4%*
*Kosningaaldur lækkaður niður í 14 ára á árinu sem kosning fer fram, svo heildarþýðið stækkaði.				

Athygli vekur að hugmyndasöfnun var í methæðum síðast, meðan hlutfall kosningaþátttöku lækkaði. Þó ber að hafa í huga að lægri kosningaaldur þýðir óhjákvæmilega að heildarþýðið stækkar og að mjög fáir einstaklingar 13 -17 ára eru með rafræn skilríki. Á sama tíma er þessi aldursbreidd mikilvæg fyrir Kópavog sem barnvænt sveitarfélag.

6.3 KERFI

Í fyrri umgöngum verkefnisins var notast við kerfi frá fyrirtækjunum Íbúum ses. og Advania. Leitað verður eftir tilboðum og verð kannað áður en gengið verður frá samningum. UT-deild Kópavogsbæjar sér um samningagerð og tæknilegar útfærslur, sem og samskipti við valin fyrirtæki.

7 FRAMKVÆMDAFERLI

Að loknum kosningum tekur framkvæmdahópur við niðurstöðum kosninga og undirbýr framkvæmdir, lætur hanna, pantar búnað, setur í útboð og ræður verktaka í verkefnin. Framkvæmdahópur ber ábyrgð á því að framkvæmd verkefna verði lokið innan tímaramma verkefnisins.

7.1 FRAMKVÆMDAHÓPUR

Eftirfarandi sitja í framkvæmdahópnum:

- Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri
- Birkir Rútsson deildarstjóri gatnagerðar
- Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs
- Harri Ormarsson lögfræðingur á stjórnsýslusviði.

8 KYNNINGARMÁL

Verkefnið verður kynnt með fjölbreyttum hætti. Notast verður við sambærilegt útlit og dreifingarleiðir og síðast. Um tvö aðskilin tímabil er að ræða, annars vegar fyrir hugmyndasöfnunina í september-október 2024 og hins vegar fyrir kosningar í janúar/febrúar 2025. Greiningar frá íbúar ses. hafa sýnt að samfélagsmiðlar og tölvupóstur reynast áhrifaríkasta leiðin til að auka kosningaþátttöku.

- Stafræn auglýsingastofa verður fengin til að útbúa myndband sumarið 2024 af verkefnum úr fyrri kosningum sem búið er að ljúka við, sem hægt verður að nota til að hvetja til bæði hugmyndasöfnunar og kosninga.
- Haft verður samband við auglýsingastofu varðandi:
 - Lesnar auglýsingar.
 - Auglýsingar í staðbundnum blöðum og á vefmiðlum.
 - Haft verður samband við forráðamenn Kópavogspóstsins og Kópavogsblaðsins og kannað hvort hægt sé að kaupa kápu utan um blöðin, eða vera með opnu/síðuauglýsingu.
- Tölvupóstar á íslensku, ensku og pólsku verða sendir í samstarfi við skólastjórnendur á foreldra leik- og grunnskóla, á póstlista verkefnisins og á alla starfsmenn Kópavogsbæjar.
- Haft verður samband við skólastjórnendur MK og þeim boðin kynning á verkefninu og íbúalýðræði, og þeir hvattir til að vekja áhuga nemendanna á hvoru tveggja, hugmyndasöfnuninni og kosningunni.
- Haft verður samband við félagsmiðstöðvar eldra fólks, og þeim boðin kynning á verkefninu.

8.1 HEIMASÍÐA

Á vefsíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, er undirsíðan www.kopavogur.is/okkarkopavogur. Þar verða allar upplýsingar um verkefnið aðgengilegar. Hugmyndasöfnun og kosningasíða verða sér síður aðgengilegar af heimasíðu Kópavogsbæjar.

Slóðir verkefnisins verða eftirfarandi:

- <https://okkarkopavogur.betrailand.is>
- <https://betrailand.is/community/3237>
- <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/ibuaverkefni/okkar-kopavogur>
- Kosningasíða verður sett upp síðar.

Ef þörf er á aðstoð við að nota vefsíðu verkefnisins er hægt að hafa samband við Þjónustuver Kópavogsbæjar á Digranesvegi 1, í síma 441-0000 eða senda tölvupóst á netfangið okkarkopavogur@kopavogur.is

8.2 TUNGUMÁL

Líkt og undanfarið verður unnið með þrjú tungumál, íslensku, ensku og pólsku. Sama vinnulag verður viðhaft aftur og verða skjöl á ensku og pólsku birt á heimasíðu með upplýsingum um tilgang verkefnisins, hugmyndasöfnunina og kosningar. Tölvupóstar sem sendir eru á hina ýmsu póstlista verða á ensku og pólsku, auk íslensku. Upplýsingar um hugmyndir sem fara í kosningu verða í boði á ensku og pólsku.

8.3 NETFÖNG

Netföng sem fylgja verkefninu:

- okkarkopavogur@kopavogur.is
- kjorstjorn.okkarkopavogur@kopavogur.is

9 TÍMA- OG KOSTNAÐARÁÆTLUN

9.1 TÍMAÁÆTLUN

Tímaáætlun má sjá á mynd 3, en tekið skal fram að hún getur tekið breytingum. Tímaáætlunin felur í sér eftirfarandi atriði:

- Undirbúningur apríl – ágúst.
 - Verkefnislýsing, tímaáætlun og kostnaðaráætlun.
 - Undirbúa kynningarefni.
 - Þessi vinna verður langt kominn um miðjan júní vegna sumarleyfa og annarra verkefna í september.
- Hugmyndaferli stendur í fjórar vikur, frá fimmtudeginum 12. september til miðvikudagsins 9. október 2024.
- Matshópur A – starfar frá 10. október og fram yfir kosningar (með fyrirvara um breytingar).
- Matshópur B – starfar frá 23. október til 6. nóvember (með fyrirvara um breytingar).
- Kosningaferli, 12 dagar, þar af tveir sunnudagar – byrjun árs 2025, lok janúar og byrjun febrúar.
- Framkvæmdahópur – febrúar 2025 til september 2027 (hefur störf að loknum kosningum).
- Framkvæmdir – frá febrúar 2025 til september 2027. Stefnt er að því að öllum verkefnum verði lokið fyrir árslok 2027. Gera þarf ráð fyrir að einhver verkefni geti dregist fram á árið 2028. Undirbúningstími verkefna er óviss fram yfir kosningar.

Okkar Kópavogur 2024-2027

[illegible]

Mynd 3 Tímaáætlun Okkar Kópavogs 2024-2027. Tímaáætlunin getur tekið breytingum.

9.2 KOSTNAÐARÁÆTLUN

Kostnaðaráætlun er gefin í tvennu lagi, annars vegar vegna framkvæmda 2025, 2026 og 2027 og hins vegar vegna undirbúnings og umsýslu verkefnisins.

9.2.1 HEILDARKOSTNAÐUR VEGNA FRAMKVÆMDA 2022 OG 2023

Fjárhagsáætlun Kópavogs 2024 gerir ráð fyrir samtals 340 m krónum í framkvæmdir vegna Okkar Kópavogs árin 2025-2027. Skiptingu milli ára má sjá í töflunni hér að neðan.

Tafla 3 Heildarkostnaður í framkvæmdir á vegum verkefnisins Okkar Kópavogur árin 2025-2027.

Ár	2025	2026	2027	Samtals
Upphæð	120 m	100 m	120 m	340 m

Niðurstöður íbúakosninganna stýra nýtingu fjármagnsins.

9.2.2 KOSTNAÐUR VEGNA UNDIRBÚNINGS OG UMSÝSLU 2024-2025

Heildarkostnaður við undirbúning og umsýslu hefur hingað til verið reiknaður sem prósenthlutfall af heildarkostnaði framkvæmda næstu tvö árin, og farið hækkandi milli ára frá árinu 2019. Raunkostnaður hefur alltaf verið heldur minni en samþykktur var. Nú er verkefnið til þriggja ára en ekki tveggja, og framkvæmdakostnaður því hækkað úr 200 m á tveimur árum í 340 m á þremur árum (sjá kafla 9.2.1).

Tafla 4 Undirbúnings- og umsýslukostnaður vegna Okkar Kópavogs.

	2016 án vsk.		2017-2019 án vsk.		2019-2021 án vsk.		2021-2023 án vsk.		2024-2027 án vsk.	
Útlitun	Áætlun	Raunkostn.	Áætlun	Raunkostn.	Áætlun	Raunkostn.	Áætlun	Raunkostn.	Áætlun	Raunkostn.
Markaðsefni	5.300.000	6.600.000	7.000.000	6.500.000	7.000.000	8.600.000	8.000.000	10.200.000	12.000.000	
Tölvukerfi	7.600.000	3.600.000	5.000.000	5.400.000	6.000.000	5.700.000	6.000.000	4.700.000	7.000.000	
Aðkeypt þjónusta, ráðgjöf o.fl.		600.000	2.000.000	1.900.000	2.500.000	700.000	3.500.000	850.000	1.000.000	
Annað	500.000	100.000	500.000	50.000	500.000	100.000	500.000	150.000	400.000	
Samtals	13.400.000	10.900.000	14.500.000	13.850.000	16.000.000	15.100.000	18.000.000	15.900.000	20.400.000	
% af kostnaði framkvæmda	13,4%		7,2%		8%		9%		6%	

Áætlaður heildarkostnaður við undirbúningu, umsýslu og kynningarefni fyrir árið 2024-2025 (hugmyndasöfnun og kosningar) er 20,4 m króna, sem er 6% af 340 m króna, sjá töflu 7. Innifalið í þeirri tölu er allur kostnaður sem felst í hugmyndasöfnun og kosningum, þ.m.t. aðkeypt þjónusta varðandi kynningarefni, auglýsingar, sérfræðiþjónustu vegna rafrænnar hugmyndasöfnunar, rafrænna kosninga og fleira.